

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Alþingishúsið við Austurvöll

101 Reykjavík

[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)



Reykjavík 10. júní 2022

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum (sala á framleiðslustað), 596 mál.**

Hinn 30. maí 2022 barst SAF – Samtökum ferðaþjónustunnar tölvupóstur frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til breytinga á áfengislögum, nr. 75/1998,. Í frumvarpinu er mælt fyrir um að smærri áfengisframleiðendur, sem uppfylla ákveðin skilyrði, verði gert kleift að selja áfengt öl í smásölu á framleiðslustað. Frumvarpið hefur verið yfirfarið á vettvangi SAF og vilja samtökin koma nokkrum athugasemdum á framfæri.

#### **Efni frumvarpsins**

Frumvarpið snýr að því að smærri framleiðendum á áfengu öli verð veitt heimild til að selja framleiðslu sína í smásölu á framleiðslustað. Frumvarpið mun styðja smærri brugghús og atvinnurekstur sem nú þegar er til staðar. Frumvarpið snýr því ekki að áfengisneyslu, auknu aðgengi, auknum sýnileika eða aukinni markaðssetningu á áfengi. Ástæða þess að samtökunum finnst mikilvægt að minnast á það sérstaklega er til þess að umræðan snúist fyrst og fremst um það sem frumvarpið fjallar um en ekki hvort áfengi sé böll eða ekki. Samtökin vilja því taka undir þau orð frumvarpsins um að væntar breytingar muni ekki hafa veruleg samfélagsleg áhrif enda ekki um veigamikla breytingu á gildandi fyrirkomulagi að ræða. Það mun þó að sjálfsgöðu hafa jákvæð áhrif á þá rekstraraðila sem um ræðir.

#### **Ánægjulegt skref**

SAF vilja byrja á því að lýsa yfir ánægju sinni með að frumvarpið taki það skref að heimila smærri brugghúsum að selja áfengt öl í smásölu beint til viðskiptavina á framleiðslustað. Í dag geta þau boðið gestum uppá vörur sínar í gegnum veitingaleyfi en ekki selt þær í smásölu á og frá framleiðslustaðnum. Það hamlar tækifærum til að koma vöru á framfæri, sérstaklega í ljósi þess að sömu framleiðendur geta átt í erfiðleikum með að fá vörur sínar seldar í verslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Mikilvægt er að rekstraraðilar brugghúsa geti boðið gestum upp á að kaupa á staðnum. Flest þessara fyrirtækja eru á landsbyggðinni þannig að mikilvægi fyrirbyggjandi lagabreytingar er enn meiri til að styrkja fjölbreytta atvinnustarfsemi um land allt og verja afkomu fjölda frumkvöðlafyrirtækja og starfsfólks þeirra.

#### **Ferðaþjónusta á framleiðslustöðum**

Þegar að því kemur að auka fjölbreytni í ferðaþjónustu er hægt um vik að horfa til nágrannaríkja. Í mörgum ríkjum, með mikla menningu og hefð í áfengisframleiðslu, bjóða framleiðendur áfengis upp á kynningu á starfseminni gegn gjaldi.

Að slíkri kynningu lokinni býðst ferðamanninum að kaupa framleiðsluvöruna sem hann hefur kynnt sér beint af framleiðandanum. Mikil gróska hefur verið í framleiðslu áfengra drykkja á Íslandi undanfarin ár og hefur hróður sumra framleiðenda borist út fyrir landsteinana. Að mati SAF er því verulegt tilefni til þess að tryggja að áfengisframleiðendur geti boðið upp á sambærilegar kynningar hér á landi og selt ferðamönnum framleiðslu sína að skoðunarferð lokinni, e.t.v. með viðeigandi takmörkunum. Hér á landi á þetta ekki eingöngu við um áfengt öl heldur einnig um aðra áfengisframleiðslu.

## Hænskref

Frumvarp sama efnis var áður lagt fram á 151. löggjafarþingi. Frumvarpið hlaut ekki frekari afgreiðslu þá og er því lagt fram aftur um svipað efni. Hins vegar hafði þáverandi dómsmálaráðherra boðað annað frumvarp á samráðsgátt haustið 2020. Í frumvarpsdrögum sem birtust á samráðsgáttinni var einnig ráðgerð heimild til að starfrækja vefverslun með áfengi í smásölu til neytenda. SAF telja að þar hafi verið um litlar og einfaldar breytingar að ræða en þó þýðingamiklar breytingar fyrir atvinnulífið í landinu. Með því var stígið varlega til jarðar og þær breytingar áttu heldur ekki að auka sýnileika eða aðgengi áfengis í samfélaginu.

Fyrirlyggjandi frumvarp miðar eingöngu að framleiðslu á áfengu öli og er það miður. Fjöldi innlendra smáframleiðenda sem framleiða sterkt áfengi og líkjöra hefur aukist hratt síðasta áratuginn. Því ætti frumvarpið með réttu að miða að framleiðslu á öllu áfengi en eins og áður sagði hefur hróður íslenskrar áfengisframleiðslu borist út fyrir landsteinana óháð styrkleika.

Aðgengi neytenda að áfengi á Íslandi er gott í dag. Það hentar mjög vel stórum framleiðendum sem hafa nægt hillupláss í vínbúðunum. Þeir hafa tryggt kaupanda (ríkið) í smásölunni og starfa í umhverfi þar sem óheimilt er að setja upp innlenda vefverslun með innlendar vörur. Allar nýjungar í framleiðslu frá nýjum framleiðenda eiga ekki greiðan aðgang að eina sölustaðnum með áfengi hér á landi. Hins vegar eiga stóru brugghúsin greiðari aðgang að útsölustöðum smásalans. Núgildandi kerfi er því gott fyrir stóra og þekktu framleiðendur hér á landi en mjög vont fyrir nýja litla framleiðendur.

Ef það er vilji stjórnvalda að halda áfram að styðja við hina stóru og þekktu framleiðendur er óþarfi að breyta núgildandi kerfi en ef þau vilja styðja við litlu fyrirtækin þá þarf að bæta við núgildandi frumvarp með heimildar ákvæði um innlenda vefverslun með áfengi og að bæta við málsgrein á eftir núverandi 2 mgr. 4. gr. um að framleiðendur á öðru áfengi en áfengu öli geti selt frá sér enda tengist það ferðaþjónustu að mörgu leyti. Einnig telja samtökin mikilvægt að auka við boðað framleiðslutakmark á áfengu öli um 490.000 þannig að það verði 990.000 í samræmi við það sem er gert í öðrum löndum. Nær það betur utan um þá smá framleiðendur sem starfa hér á landi og gerir þeim kleift að vaxa í takt við aukna eftirspurn.

Samtökin leggja því til að við frumvarpið komi ný grein (9.gr.), það verði gerð breyting á núverandi 2. mgr. 4. gr. Frumvarpsins og það komi ný málsgrein á eftir henni (3. mgr. 4.gr.) og þær verði svohljóðandi:

Breyting:

2. mgr. 4. gr.

Veita má handhafa framleiðsluleyfis, sem framleiðir minna en 990.000 lítra af áfengi á almanaksári, leyfi til sölu á framleiðslustað. Leyfishafa er heimilt að selja áfengt öl, gerjað úr möltuðu eða ómöltuðu korni, sem er að rúmmáli ekki meira en 12% af hreinum vínanda, í smásölu á framleiðslustað.

Ný málsgrein:

Veita má handhafa framleiðsluleyfis, sem framleiðir minna en 60.000 lítra af öðru áfengi en sem tiltekið er í 2. mgr., leyfi til sölu á framleiðslustað.

Ný grein:

9. gr.

Á eftir orðinu „heildsölu“ í 1. másl. 1. mgr. 3. gr., 1. másl. 3. mgr. 3. gr., 1. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 5. gr. laganna kemur: smásölu í vefverslun

### **Aðgengi að áfengi í dag**

Í dag er heimilt að kaupa áfengi í gegnum erlendar vefverslanir og í gegnum vefsíðu Vínbúðarinnar. Það þarf hins vegar að sækja áfengið sem er verslað í gegnum vefverslun Vínbúðarinnar. Hins vegar er áfengið sem er pantað í gegnum erlendar vefverslanir afhent heim að dyrum íslenskra heimila.

Með því að heimila innlendum vefverslunum að selja áfengi þá væri verið að jafna stöðu innlendrar og erlendar verslunar að þessu leyti. Sumir myndu halda að það ætti að vera sjálfsagt, sérstaklega í ljósi EES-samningsins. Með þeirri breytingu yrði sýnileiki áfengis eða aðgengi að því ekki aukinn. Breytingin myndi stuðla að því að tryggja yrði að starf, í vefversluninni sem þjónustar íslenskan viðskiptavin, yrði staðsett á Íslandi en ekki erlendis. Þannig yrði m.a. hægt að auka möguleika íslenskra fyrirtækja til að verja afkomu sína.

Að mati SAF yrði sú nálgun mjög skynsamleg og sanngjörn. Sérstaklega ef horft var til þess að nú er hvort sem er heimilað að selja áfengi í gegnum verslanir sem starfræktar eru á netinu, erlendar vefverslanir. Það yrði engin breyting nema á þá leið að vefverslunin yrði starfrækt á Íslandi en ekki erlendis.

Breytingin yrði mikil bragabót fyrir neytendur því þá gætu neytendur valið t.d. íslenskan bjór í stað hins erlenda í vefverslunum og haldið verðmætunum enn frekar innanlands og látið það ganga. Þannig yrði breytingin einnig góð fyrir íslenska áfengisframleiðendur.

Í frumvarpsdrögunum sem birtust á samráðsgáttinni á sínum tíma var dregið fram dæmi um gildandi lagaumhverfi. Þar var nefnt dæmi um innlenda áfengisframleiðendur sem hafa reynt að mæta þörfum neytenda með því að bjóða uppá innlenda vöru í gegnum erlendra vefverslun. Vörurnar eru seldar til íslenskra neytenda í gegnum erlendu vefverslunina. Þannig hefur vara verið flutt frá Íslandi í þeim eina tilgangi að vera send aftur til landsins. Þetta dæmi sýnir hvað þetta er galin löggjöf og því verður að breyta lögunum með fyrrgreindum hætti. Að frumvarpið nú skuli ýta undir fyrrgreinda framkvæmd eru mikil vonbrigði og óskiljanlegt að innlendri netverslun skuli ekki vera bætt við frumvarpið.

Það að vera andvíg frumvarpinu sem var sett inná samráðsgátt á sínum tíma lýsir hvað stjórnvöld geta verið svifasein að átta sig á nútímanum og stöðunni eins og hún er. Stundum veltir maður fyrir sér hvort það þurfi að kynna stjórnvöldum þá þróun sem veraldarvefurinn hefur borið með sér hvað varðar framboð og sölu á vöru og þjónustu.

### **Dómsmál ÁTVR gegn erlendum vefverslunum sem selja til áfengi til Íslendinga**

Í mars sl. féll dómur í máli ÁTVR gegn tveimur vefverslunum þar sem ÁTVR krafðist m.a. þess að félögin myndu hætta smásölu áfengis á Íslandi á grundvelli þess að ÁTVR hefði einkarétt á sölu áfengis hér á landi.

Dómurinn komst meðal annars að því sú krafa ÁTVR væri háð slíkum annmörkum að ekki væri hægt að taka hana fyrir dóm. Var henni því vísað frá.

### Samtökin skora á þingnefndina

Með ofangreint í huga þá skora samtökin á að nefndin geri ákveðnar breytingar á frumvarpinu og leggja því til að frumvarpið verði samþykkt og þá með eftirfarandi breytingu:

Breyting:

2. mgr. 4. gr.

Veita má handhafa framleiðsluleyfis, sem framleiðir minna en **990.000 lítra** af áfengi á almanaksári, leyfi til sölu á framleiðslustað. Leyfishafa er heimilt að selja áfengt öl, gerjað úr möltuðu eða ómöltuðu korni, sem er að rúmmáli ekki meira en 12% af hreinum vínanda, í smásölu á framleiðslustað.

Ný málsgrein:

Veita má handhafa framleiðsluleyfis, sem framleiðir minna en **60.000 lítra** af öðru áfengi en sem tiltekið er í 2. mgr., leyfi til sölu á framleiðslustað.

Ný grein:

9. gr.

Á eftir orðinu „heildsölu“ í 1. másl. 1. mgr. 3. gr., 1. másl. 3. mgr. 3. gr., 1. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 5. gr. laganna kemur: smásölu í vefverslun

Að öðrum kosti leggja samtökin til að núverandi frumvarp verði samþykkt óbreytt að svo stöddu þó að aðeins sé um hænuskref að ræða. Það yrði til bóta frá núverandi framkvæmd en augljóslega ekki nóg.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri